



Siðareglur AKÍS fyrir samfélagsmiðla

1. Farsíma og samfélagsmiðla ætti ekki að nota meðan starfsmenn starfa við keppni

Athygliin á alltaf að vera á því sem þú hefur tekið að þér að vinna. Geymdu netið og samfélagsmiðlana þar til þú ferð í pásu eða í lok dags.

2. Settu þig í spor hins aðilans

Hugsaðu áður en þú póstar á netið. Spurðu þig hvernig þér liði ef það værir þú sem myndin eða athugasemdin fjallaði um.

3. Þegar búið er að pósta á netið er það fyrir allra augum

Það sem þú póstar á samfélagsmiðla er ekki þitt einkamál. Hægt er að afrita, sýna vinum, geyma með skjáskoti eða senda öðrum allar athugasemdir, myndir og stöðuuppfærslur. Þú skalt alltaf gera ráð fyrir að sá sem þú er að pósta um sjái það sem þú skrifar.

4. Sértu í vafa - ekki pósta

Hafir þú hikað við og hugsað hvort rétt væri að pósta, þá þýðir það sennilega að þú ættir ekki að gera það! Mundu að það sem þú póstar á netið er sú mynd sem aðrir hafa af þér.

5. Óípróttamannsleg hegðun

Póstar um villt skemmtanalíf, drykkju og lögbrot í akstri eru ekki atriði sem á að auglýsa á samfélagsmiðlum keppenda eða keppnisliða.

6. Samfélagsmiðla ætti ekki að nota til að senda niðrandi eða neikvæð ummæli um keppendur, starfsmenn, sjálfboðaliða, skipuleggjendur keppna, stuðningsaðila keppna eða AKÍS

Það getur haft alvarlegar afleiðingar ef samfélagsmiðlar eru misnotaðir. Þurfir þú að fá lausn á einhverju máli er best að setja það mál í réttan farveg með því að leita til akstursípróttafélags þíns eða AKÍS.

7. Ekki pósta myndum eða athugasemdum frá alvarlegum atvikum í akstursípróttum

Það er afar mikilvægt að virða friðhelgi einstaklinga sem lenda í slysum eða öðrum atvikum, hvort heldur er í eða utan keppni. Aldrei, aldrei pósta myndum, athugasemdum eða upplýsingum á samfélagsmiðla eða bloggsíður um slys eða önnur viðkvæm atvik. Mundu eftir lið tvö hér að ofan: Settu þig í spor hins aðilans.

8. Notaðu samfélagsmiðla sem tæki til að kynna og efla akstursípróttir

Samfélagsmiðlar, þegar þeir eru notaðir á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, eru frábær vettvangur. Notaðu þá til að kynna viðburði, félagið, það sem er á döfinni og að halda utanum félagsmenn. Láttu vita hve spennandi og skemmtileg þessi frábæra íprótt okkar er - og - vertu jákvæður í umfjöllunum.

Samþykkt á Ársþingi AKÍS 2017